

Sýrð eik er sigild eign

HÚSGÖGN

TRÉSMÍÐJAN MEIÐUR
SÍÐUMÚLA 30 · SÍMI: 86822

Gagnkvæmt tryggingafélag

Radio BÚÐIN í sérverzlun með litasjónvörp

Verzlið

Skipholti 19, R.
sími 29800, (5 línur)

Tíminn Föstudagur 3. nóvember 1978 245. fölublað — 62. árgangur

„Á von á að til verkfalls komi“

— segir Ólafur Jónsson, bókmenntafræðingur, um deilu stundakennara HÍ og ríkisvaldsins

AM — Blaðið ræddi í gær við Ólaf Jónsson, bókmenntafræðing, um horfur í deilu stundakennara við Háskóla Íslands og ríkisvaldsins, en stundakennarar hafa boðað til vikulangs verkfalls vikuna 6-11 nóvember.

Ólafur sagði að eftir árangurslausar tilraunir til þess að fá kjör stundakennara leiðrétt, hefðu þeir ákveðið á fundi sínum í september að boða til verkfalls vikuna 6-11 nóvember, hefði engin leiðrétting fengist fram fyrir


þann tíma, og væri nú komið að lokum þessa frests.

Aðalkröfu stundakennara kvað Ólafur þá að stundakennarar verði framvegis ráðnir til eins misseris í senn og á óbreyttu kaup, í stað þess, sem tíðkast hefur, að þeir séu á tímakaupi. Ólafur kvað þann hag, sem kennarar mundu hafa af þessu einkum þann, að með þessu fengju þeir kaup sitt greitt um hátíðar, svo sem um jól og páska og ennfremur tryggt kaup um próftímann. Sagði Ólafur að ef samkomulag

næðist um þessa kröfu mætti heita að málið væri leyst.

Aðrar kröfur kvað Ólafur einkum snúast um yfirvinnu og aukavinnu og væru þar helstar kröfur um að greitt verði framvegis fyrir vinnu við próf, þegar svo stórir hópar væru prófaðir að fyrirvinna hlyti að myndast. Enn fremur að yfirvinna, þegar vinnuvika fer fram yfir 40 stundir, verði greidd, en þar ræddi um einfalt sanngirnismál, eins og hann teldi aðrar kröfur stundakennara. Þá krefðust stundakennarar yfirvinnuálags fyrir kennslu utan kennslustunda og sérstakrar þóknunar fyrir óhjákvæmileg stjórnunarstörf, sem skyldi greitt fyrir sérstök undirbúningsstörf, eins og þegar kennarar ganga inn í störf annarra kennara um tíma.

Ólafur endurtók að hann liti á kröfur þessar sem óumdeilanlegt sanngirnismál, enda nytu til dæmis menntaskólakennarar þessara kjara. Þrátt fyrir það kvaðst hann ekki of hjartsýnn á að saman drægi svo á morgun að verkfalli yrði afstýrt, en fundur stundakennara með fulltrúum mennta- og fjármálaráðuneyta, svo og Háskólans, er boðaður í dag.



Verið er að losa fyrsta olufarminn, sem keyptur er hingað til lands frá Portúgal. Í skipinu sem kom með farminn eru 17 þúsund tonn af olíu. Olía þessi mun unnin úr jörðu í Afríku en hreinsuð í Portúgal. Tímamynd Róbert.

Viðræðufundur stundakennara og ríkisvalds í dag

AM — „Við munum halda fund á morgun og skoða hvernig málin standa,“ sagði Þorsteinn Geirsson, hjá fjármálaráðuneyti í gær, þegar við spurðum hann um líkur á að saman kynni að draga í deilu stundakennara og ríkisvaldsins.

Þessi fundur, sem haldinn verður kl. 15.30 í dag, er viðræðufundur, en ekki eiginlegur samningafundur, sagði Þorsteinn. Á þessum fundi munu mæstast fulltrúar frá fjármálaráðuneyti, Háskóla Íslands, menntamálaráðuneyti og enn fulltrúar stundakennara. Í fyrri viku héldu þeir og með

sér fund, en ekki treysti Þorsteinn sér til að geta sér til um hvort líkur væru á að í dag dragi svo saman með málsaðilum, að verkfalli verði afstýrt. Greiðslum til stundakennara hefur til þessa verið hagað samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið gefur út í samráði við fjármálaráðuneyti og stundakennarana sjálfa.

Eru nú orðnar greinir milli nýstofnaðara samtaka stundakennara og yfirvalda um ýmsa liði þessara regna og vofir verkfall þeirra fyrirnefndu yfir á mánudag.

Falsar listamaðurinn eigin verk?

Dali-myndirnar eru ekki eftirprentanir

— segir Björn Th. Björnsson, listfræðingur

ATA — Eg skil ekki þessa reki-stefnu út af Dali-sýningunni. Við höfum verið með margar sýningar, þar sem myndirnar voru unnar á verkstæði, rétt eins og þessar myndir Dalis. Má þar til dæmis nefna Erró-sýninguna og Picassó-sýninguna, sagði Björn Th. Björnsson, listfræðingur, er Tím-inn hafði samband við hann í gær.

Í kjallaragrein í Dagblaðinu á þriðjudaginn segir Rikharður Valtíngójer Jóhannsson, graffiklistamaður, að myndirnar á Dali-sýningunni að Kjarvalsstöðum séu ekki „original“ graffikmyndir, þær séu ekki unnar af listamanninum sjálfum. Ljósmyndatækni og verkstæðisvinna komi þar í stað þrykksins. Þar er og

gefið í skyn að kaupendur þessara mynda hafi fengið svikna vöru, eftirprentanir í stað ósvikinna graffikmynda.

— Það er ljóst, að Dali situr ekki með sveittan skallann við pressuna. Hann gerir frummyndina ýmist á plötu eða að stungið er eftir henni.

Allar myndirnar eru tölusettar og áritaðar af listamanninum og þar skilur á milli graffikmynda og eftirprentana.

— Eg kannast við þetta gallerí í Gautaborg, en þaðan koma myndirnar. Það hefur beint samframhald á bls. 18.



Sigurður RE.

Loðnuveiðarnar:

Sigurður RE enn aflahæstur

— Heildarveiðin orðin um 385 þús. lestir

Kás — Um kl. 17 í gær höfðu 18 loðnubátar tilkynnt afla til Loðnuefndar, samtals 10.770 lestir. Sólarhringinn áður höfðu 9 skip tilkynnt afla, alls 4.450 lestir.

Loðnuveiði er nú jöfn og góð, og hið besta veður á loðnumiðunum fyrir norðan land. Um mánaðamótin var Sigurður aflahæstur

loðnubátanna með 15.625 tonn. Í öðru sæti var Bórkur með 15.625 tonn og í því þriðja Gísli Arni með 11.540 tonn. Fjórir aðrir bátar voru komnir yfir 10.000 tonna markið, þ.e. Pétur Jónsson, með 11.120, Loftur með 10.815, Víkingur með 10.400 og Skarðsvík með 10.100 tonn.

Síldarkvóti hringnótabáta aukinn

þó skilyrt. Norðurstjarnan hefur forkaupsrétt

Kás — Þar sem aðeins 60 bátar af þeim 98 bátum sem fengu leyfi til síldveiða í hringnót hafa hafið þær veiðar, ákvað sjávarútvegsráðuneytið í gær að auka kvóta þessara báta um 30 lestir eða úr 210 í 240 lestir.

Hins vegar er þessi aukning á kvóta háð vissu loforði. Aðeins þeir bátar fá stækkaðan kvóta sem veita Norðurstjörnunni h/f í Hafnarfirði forkaupsrétt á magni sem nemur að minnsta kosti 30 lestum. Í því skyni eiga leyfishafar að hafa samband við forráðamenn Norðurstjörnun-

ar varðandi landanir hjá fyrirtækinu.

„Ákvörðun þessi er m.a. tekin með tilliti til þess, að Norðurstjarnan í Hafnarfirði hefur gert þýðingarmikla sölusamninga á niðurlagðri síld í Bandaríkjunum, en hefur aftur á móti ekki tekist að afla sér nægjanlegs hráefnis til vinnslunnar,“ segir í fréttatilkynningu frá sjávarútvegsráðuneytinu. Er þar tekið fram, að stærð síldarinnar skipti minna máli varðandi þessa vinnslu Norðurstjörnunna, og er því hægt að nýta þá síld, sem bátar sleppa nú aftur.

20 umferðar-óhöpp í Reykjavík

ATA — Mjög margir árekstrar urðu í umferðinni í gær. Klukkan 18.30 í gærkvöldi voru árekstrararnir orðnir 20.

Á móti þessu kemur, að engin slys urðu á fólki í þessum árekstrum.

Flest urðu óhöppin eftir hádegi og eftir að tók að skyggja, enda var umferð nokkuð mikil.